

## D Ó M U R

Mál þetta er höfðað með stefnu birtri 8. janúar 2014 og dómtekið 19. maí þess árs að lokinni aðalmeðferð. Stefnandi er Stefanía Snorradóttir, Skarðshlíð 25f, Akureyri. Stefndi er Lýsing hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að aðallega að stefnda verði gert að greiða henni 152.388 krónur og 439.011 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. nóvember 2013 til greiðsludags. Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að lánessamningur aðila 17. júlí 2006, nr. 70024288, sé bundinn ólögumatri gengistryggingu sem nemur helmingi upphaflegrar lánsfjárhæðar. Þess er einnig krafist til vara að viðurkennt verði að við endurútreikning hins gengistryggða hluta samningsins frá lántökudegi til 5. maí 2010 sé stefnda óheimilt að krefja stefnanda um vexti umfram þá vexti er stefnandi greiddi á umræddu tímabili. Að síðustu er þess krafist til vara að viðurkennt verði að stefnda sé óheimilt að takmarka endurútreikning þannig að hann taki ekki til greiðslna er áttu sér stað fyrir 25. nóvember 2009. Stefnandi krefst einnig málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu auk málskostnaðar.

Við meðferð málsins hefur verið tekið tillit til fyrirmæla laga nr. 80/2013 um breytingu á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með síðari breytingum, á þá leið að hraða skuli meðferð dómsmála sem lúta að lögumatri þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða að uppgjöri slíkra skuldbindinga.

Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, áður en dómur var kveðinn upp.

### *Málsatvik*

Ágreiningur aðila er að meginstefnu tvíþættur. Í lýtur hann annars vegar að gildi fullnaðarkvittana vegna greiðslna samningsvaxta hluta láns sem bundinn var ólögumatri gengistryggingu. Hins vegar er deilt um hvort krafa skuldara um endurgreiðslu verðtryggingar og vaxta, vegna þess hluta lánsins sem var í íslenskum krónum, sem hann var krafinn um án viðhlítandi heimildar sé fallin niður fyrir fyrningu.

Atvik málsins eru óumeild um það sem máli skiptir fyrir sakarefni málsins. Meðal annars er nú ekki um það deilt að stefnandi fékk endurgreiddar verðbætur vegna greiðslna sem inntar voru af hendi eftir 25. nóvember 2009 og til loka samnings 2013. Jafnframt voru þá endurgreiddir vextir að því marki sem vextir voru hærri en upphaflegt vaxtaviðmið samningsins.

Stefnandi undirritaði 17. júlí 2006 lánasamning nr. 70024288 við stefnda, en lánið var veitt til kaupa á bifreiðinni DU-322 sem er af gerðinni Mitsubishi Outlander.

Samningurinn var nefndur „Bílasamningur Lýsingar“ og kom fram í yfirskrift samningsins að um gengistryggðan samning væri að ræða. Þá sagði að samningsfjárhæð væri 1.479.580 krónur, en fjárhæðin skyldi bundin við gengi bandaríkjadals 15%, japansks jens 10%, evru 20%, svissnesks franka 5% og íslenskrar krónu 50%. Í málinu er ágreiningslaust að með þessu hafi helmingur samningsins verið bundinn gengistryggingu í andstöðu við ákvæði 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Var samningurinn var endurreiknaður á þessum grundvelli af hálfu lánveitanda 19. nóvember 2010.

Samkvæmt ákvæðum samningsins greiddi stefnandi fyrstu greiðslu vegna samningsins að fjárhæð 615.000 krónur við undirritun. Leigutími skyldi vera frá 15. júlí 2006 til 5. ágúst 2013, fjöldi greiðslna 84 og fyrsti gjalddagi 5. september 2006. Á tímabilinu 5. september 2006 til 5. maí 2010 innti stefnandi af hendi 46 greiðslur. Að frátöldum fyrsta gjalddaga og gjalddaga 4. mars 2010 voru allar afborganir inntar af hendi eftir samningsbundinn gjalddaga. Greiddi stefnandi samtals 23.250 krónur í dráttarvexti á þessu tímabili en 102.000 krónur í innheimtukostnað. Í flestum tilvikum fóru greiðslur stefnanda fram innan nokkurra daga eða vikna frá gjalddaga.

Hinn 1. mars 2010 var gerð skilmálabreyting samningsins. Í skilmálabreytingunni sagði meðal annars eftirfarandi: „Ef samningur eða einstakir hlutar hans eru verðtryggðir í íslenskum krónum þá reiknast íslenski hluti hans miðað við vísitölu neysluverðs.“

Sem fyrr segir endurreiknaði stefndi hinn gengistryggða hluta samningsins 19. nóvember 2010. Niðurstaðan var sú að miðað við 5. maí 2010, sem var síðasti gjalddagi sem greitt var, af hefði stefnandi ofgreitt af skuldbindingu sinni sem nam 7.532 krónum. Stefndi ráðstafaði einnig inneign stefnanda samkvæmt endurreikningi á móti greiðslum sem féllu í gjalddaga frá og með 6. júní 2010 til og mrð 5. nóvember þess árs. Af hálfu stefnanda er tekið fram að ógreiddum gjalddögum þann 5. janúar 2010 og 5. febrúar 2010 hafi með skuldbreytingu 1. mars 2010 verið bætt við höfuðstól og samið um að stefnandi greiddi 50% greiðslu næstu sex mánuði, þ.e. til og með 5. ágúst 2010. Frá og með 5. desember 2010 til loka samningsins við tjónsuppgjör 4. apríl 2013 mun stefnandi einnig hafa innt af hendi greiðslur sínar eftir gjalddaga.

Með bréfi 25. október 2013 var stefndi krafinn um endurgreiðslu hluta þeirrar kröfu sem hér er til úrlausnar og varðaði endurútreikning gengistryggða hluta samningsins. Með bréfi stefnda 17. desember 2013 var kröfum stefnanda vegna þess hluta samningsins hafnað.

Með rafskeyti 25. nóvember 2013 fór stefnandi fram á endurreiknaður yrði „íslenskur hluti“ samningsins með vísan til dóms Hæstaréttar 24. apríl 2013 í máli nr. 672/2012. Með bréfi stefnda 2. desember 2013 var stefnanda tilkynnt um að stefndi hyggðist endurgreiða stefnanda 267.108 krónur sem hún hefði ofgreitt vegna þessa hluta. Hins vegar var talið að frá og með 1. mars 2010 þegar gerð var skilmálabreyting samningsins hefði stefnanda mátt vera ljóst að þessi hluti samningsins var verðtryggður. Þá var endurgreiðsla einungis látin taka til greiðslna sem áttu sér stað allt að fjórum árum fyrir dagsetningu „umsóknar/kröfu“ um leiðréttingu. Með bréfi stefnda 24. febrúar 2014, þ.e. eftir að mál þetta var höfðað, var áréttað að stefndi teldi kröfur stefnanda vegna greiðslna fyrir 25. nóvember

2009 vera fyrndar. Hins vegar kom fram að ekki væri gerður ágreiningur um að stefnandi ætti rétt á mismun áfallina verðbóta vegna greiðslna frá þeim tíma til uppgjörs samningsins 5. apríl 2013. Sagði í bréfinu að þau mistök hefðu verið gerð í fyrra bréfi að fullyrða að endurgreiðslur hefðu einungis verið reiknaðar til 1. mars 2010. Einnig kom fram í bréfinu að skilmálabreyting 1. mars 2010 hefði ekki átt að hafa áhrif á úreikning vegna ofgreiddra vaxta og var stefnanda greidd ákveðinn fjárhæð á þeim grundvelli.

Ekki var um að ræða munnlegar skýrslur við aðalmeðferð málsins.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi byggir á því að óheimilt hafi verið að krefja sig um frekari vexti en hún hafði þegar innt af hendi frá lántökudegi og til 19. nóvember 2010 þegar lánið var endurútreiknað. Er þannig ekki um það deilt að frá og með 19. nóvember 2010 hafi borið að reikna lánið með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Á þeim degi telur stefnandi að höfuðstóll þessa hluta lánsins hafa numið 291.304 krónum. Beri því að reikna þá fjárhæð ásamt öllum greiðslum sem stefnandi innti af hendi eftir þann dag. Samkvæmt þessu hafi lánið í reynd ekki aðeins verið uppgreitt 5. apríl 2013 heldur hafi stefnandi þá ofgreitt 181.117 krónur sem sé sá hluti aðalkröfu sem leiði af gengistryggðum hluta samningsins. Með endanlegri kröfugerð sinni lækkaði stefnandi þó kröfugerð sína með hliðsjón af athugasemdum í greinargerð stefnda, sem ekki er ástæða til að rekja sérstaklega, og telur ofgreiðsluna hafa numið 152.388 krónum. Þá er í endanlegri kröfugerð einungis gerð krafa um dráttarvexti frá 25. nóvember 2013 til greiðsludags.

Stefnandi vísar til fordæma Hæstaréttar um skilyrði þess að henni sé heimilt að byggja á fullnaðarkvittunum fyrir greiðslu samningsvaxta án tillits til ákvæða 18. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. gr. laga nr. 151/2010. Jafnframt telur hún útreikning á stefnukröfu sinni að öðru leyti í samræmi við fordæmi Hæstaréttar. Rökstyður stefnandi sérstaklega að atvik málsins séu frábrugðin þeim sem leyst var úr með dómi Hæstaréttar 30. maí 2013 í máli nr. 50/2013.

Að því er varðar hinn „íslenska hluta“ samningsins vísar stefnandi til þess að með dómi Hæstaréttar 24. apríl 2014 í máli nr. 672/2012 hafi Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að stefnda hafi verið óheimilt að verðbæta þennan hluta lána sinna auk þess sem honum hafi verið óheimilt að reikna breytilega vexti. Stefnandi mótmælir því að stefnda sé heimilt að hafna endurgreiðslu á verðbótum eftir 25. nóvember 2009. Þar sem stefndi heldur því ekki lengur fram að skilmálabreyting 1. mars 2010 hafi haft þýðingu um heimild hans til þess að heimta verðtryggingu eða breytilega vexti er ekki nauðsynlegt að rekja nánar sjónarmið stefnanda þar að lútandi. Stefnandi mótmælir því hins vegar að krafa vegna ofgreiðslna fyrir 25. nóvember 2009 séu fyrndar. Stefnandi bendir á að fyrningarfrestur geti ekki byrjað líða fyrr en 25. nóvember 2017 eða fjórum árum eftir að kröfubréf hennar var sent til stefnda. Í öllu falli sé ljóst að stefnandi hafi ekki með nokkru móti getað áttað sig á að hún ætti rétt til endurgreiðslu fyrr en í fyrsta lagi með dómi Hæstaréttar 24. apríl 2013 í máli nr. 672/2012. Það hafi því ekki verið fyrr en á þeim degi sem fjögurra ára fyrningarfresturinn byrjaði að líða þ.e. þegar hún „gat fyrst átt rétt til efnda.“ Það að reikna fyrningarfrestin fjögur ár aftur í tímann frá slíkri

dagsetningu standist ekki nánari skoðun og sé því ljóst að hafna beri þessari málsástæðu stefnda.

Um varakröfu sína vísar stefnandi til 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa byggir á sambærilegum sjónarmiðum og aðalkrafa stefnanda og er sett fram til öryggis verði af einhverjum ástæðum ekki fallist á aðalkröfu hans. Eins og málið liggur fyrir er ekki ástæða til þess að rekja frekar rökstuðning fyrir einstökum liðum varakröfu.

### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Að því er varðar gengistryggðan hluta sammingsins byggir stefndi á því að skilyrðum fyrir því að stefnandi geti borið fyrir sig fullnaðarkvittanir sé ekki fullnægt og því hafi verið heimilt að endurreikna þennan hluta lánsins með vísan til 1. málsliðar 4. gr. laga nr. 38/2001. Stefndi byggir í fyrsta lagi á því að umrædd regla geti aðeins átt við þegar skuldari reynir að verjast viðbótarkröfu kröfuhafa. Hins vegar geti hún ekki leitt til þess að skuldari geti krafist kröfuhafa um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Telur stefndi þessi sjónarmið fá stoð í fordæmum Hæstaréttar.

Stefndi vísar einnig til þess að nánari skilyrðum samkvæmt fordæmum Hæstaréttar sé ekki fullnægt í málinu. Stefnandi hafi þannig ekki orðið fyrir neinni fjárhagslegri röskun vegna þess að sú bifreið sem samningurinn snerist um hafi hækkað að raunverði á sama tíma og eftirstöðvar lánsins hafi lækkað vegna þess að ekki var um gengistryggingu að ræða. Stefndi hafi því ekki ofgreitt af skuldbindingu sinni. Ef kröfur hans yrðu teknar til greina myndi það leiða til óréttmætar auðgunar stefnanda á kostnað stefnda. Stefndi telur einnig því skilyrði ekki fullnægt að nægileg festa hafi verið í framkvæmd sammings þannig að skuldari væri í góðri trú um fullar og réttar efndir. Hann vísar til þess að vanskil hafi orðið á öllum greiðslum stefnanda ef frá sé skilinn fyrsti gjalddagi sammingsins 5. september 2006. Þá er því hreyft í stefnu að reglur EES-sammingsins um fjálsa fjármagnsflutninga leiði til þess að stefnda geti aldrei borið skylda til endurgreiðslu.

Stefndi mótmælir fjárhæð og útreikningi aðalkröfu stefnanda að því er varðar hinn gengistryggða hluta lánsins. Hann bendir á að krafa stefnanda feli í reynd í sér að hann greiði LIBOR-vexti af umræddum hluta lánsins sem hann telur ekki samræmast fordæmum Hæstaréttar. Þá telur hann að samkvæmt fordæmum Hæstaréttar beri að nota svokallað veltureikningsaðferð sem stefnandi hafi ekki gætt. Stefndi telur einnig að kröfugerð stefnanda sé mótsagnakennd að því leyti að hann byggi á fullnaðarkvittunum að því er varðar hinn gengistryggða hluta lánsins en krefjist „endurskoðunarvaxta“ varðandi hinn „íslenska hluta“ þess. Þá telur stefndi að krafa stefnanda vegna greiðsla eftir 6. janúar 2010 sé fyrnd en fyrning hafi fyrst verið rofin með höfðun málsins 6. janúar 2014.

Að því er varðar þann hluta lánsins sem var í íslenskum krónum vísar stefndi til þess að stefnandi hafi fengið endurgreiddar verðbætur og ogreidda vexti vegna greiðslna eftir 25. nóvember 2009. Hins vegar hafi verið rétt að miða við fjögurra ára fyrningarfrest, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, en sama

efnisregla hafi gilt samkvæmt eldri löggjöf um fyrningu. Samkvæmt þessu hafi kröfur um endurgreiðslu frá því fyrir 25. nóvember 2009 verði fyrndar þegar stefnandi hafði uppi þessa kröfu sína.

Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda og bendir á að 25. nóvember 2013 sé hvorki umsaminn gjalddagi né samrýmist hann 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Mótmæli stefnda við varakröfu stefnanda byggjast á sambærilegum sjónarmiðum og áður greinir um aðalkröfu stefnanda. Hins vegar telur stefndi að áhöld séu um sjálfstæða hagsmuni stefnanda af einstökum kröfuliðum.

### *Niðurstaða*

Í máli þessu liggur fyrir að eftir undirritun téðs lánessamnings og fram til 5. maí 2010 urðu vanskil á öllum afborgunum stefnanda að frátalinni greiðslu á fyrsta gjalddaga. Þótt stefnandi mætti almennt treysta því að greiðslur hennar fælu í sér fullnaðargreiðslur vaxta er engu að síður ljóst að slík takmörkuð festa við framkvæmd samnings hefur þýðingu við heildarmat á því hvorum samningsaðila það stendur nær að bera þann vaxtamun sem hlaust af ólögumætri gengistryggingu, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar 30. janúar 2014 í máli nr. 544/2013. Þá liggur fyrir að upprunaleg fjárhæð samnings aðila nam 1.479.580 krónum en fram til 5. maí 2010 greiddi stefnandi 374.062 krónur í samningsvexti. Samkvæmt endurútreikningi stefnda áttu vaxtagreiðslur hins vegar að nema 592.648 krónum á sama tímabili.

Samkvæmt þessu var stefnandi með endurútreikningi stefnda í reynd krafinn, með afturvirkum hætti, um viðbótarvexti að fjárhæð 218.586 krónur, eða tæplega 15% af upprunalegum höfuðstól, á grundvelli ákvæða 18. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. gr. laga nr. 151/2010. Að mati dómsins var hér um að ræða tiltölulega lága fjárhæð, hvort sem litið er til fjárhæðarinnar sjálfrar eða höfuðstóls lánsins. Að þessu virtu, svo og að teknu tilliti til þeirrar takmörkuðu festu sem um var að ræða í samningssambandi aðila, er það niðurstaða dómsins að krafa stefnda um viðbótarvexti hafi ekki falið í sér slíka röskun á stöðu stefnanda að stefndi hafi misst rétt til fullra efnda og verið óheimilt að krefjast vangreiddra vaxta aftur í tímann.

Að því er varðar þann hluta téðs samnings, sem laut að láni í íslenskum krónum, telur dómurinn að stefnanda hafi ekki getað dulist, meðal annars af útsendum innheimtuseðlum, að hann var krafinn um verðbætur af stefnda og breytilega vexti. Er því hafnað að stefnanda hafi ekki verið mögulegt að afla sér nánari vitneskju um þetta atriði samningsins eða láta á það reyna þannig að miða beri upphaf fyrningarfrest við annað tímamark en stofnun og gjaldkræfni endurgreiðslukröfu, sbr. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Getur stefnandi því ekki borið fyrir sig 1. mgr. 10. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

Eins og áður greinir var mál þetta höfðað 8. janúar 2014 og fyrning þá rofin. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007, sem hér á við, voru þá fyrndar kröfur stefnanda um endurgreiðslu sem stofnast höfðu meira en fjórum árum fyrir það tímamark.

Hins vegar verður að líta svo á að stefndi hafi með áðurlýstu bréfi 2. desember 2013 viðurkennt skyldu sína til endurgreiðslu vegna greiðslna sem fram fóru eftir 25. nóvember 2009. Í málinu er nú ágreiningslaust að stefnandi hefur þegar fengið endurgreiddar verðbætur og oftekna vexti vegna greiðslna sem inntar voru af hendi eftir 25. nóvember 2009 og til loka samningsins á árinu 2013. Samkvæmt því sem að framan greinir eru kröfur hans vegna greiðslna sem fram fóru fyrir 25. nóvember 2009 hins vegar fyrndar.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi sýknaður af aðalkröfum stefnanda, svo og varakröfum hans, sem byggjast á sambærilegum málsástæðum og aðalkröfum hans.

Eins og atvikum málsins er háttað verður málskostnaður látinn falla niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Jóhannes S. Ólafsson hdl.

Af hálfu stefnda flutti málið Jónas Fr. Jónsson hrl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **D Ó M S O R Ð**

Stefndi, Lýsing hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Stefaníu Snorradóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Skúli Magnússon